

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs árið 2002

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs á síðastliðnu ári. Þær sýna sjóðhreyfingar og eru sambærilegar við almenn sjóðstremisýfirlit. Niðurstaðan er hins vegar ekki samanburðarhæf við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

**Heildaryfirlit.** Greiðsluafkoman endurspeglar í meginatriðum þær efnahagsforsendur sem lágu til grundvallar fjárlögum ársins sem gerðu ráð fyrir að staða ríkissjóðs myndi veikjast vegna samdráttar í þjóðarútgjöldum. Ef eitthvað er benda þessar tölur til þess að efnahagssamdrátturinn kunni að hafa orðið meiri á árinu 2002 en síðustu áætlanir bentu til.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 16,3 milljarða króna samanborið við 1½ milljarðs neikvæða stöðu árið 2001. Fjármunahreyfingar eru hins vegar jákvæðar um 12,2 milljarða króna í stað 24,2 milljarða neikvæðrar stöðu í fyrra. Þar munar mestu um 25 milljarða aukningu stofnfjárframlaga og lánveitingar til Seðlabankans árið 2001, auk þess sem innstreymi vegna sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands í júní sl. nam um 5 milljörðum króna. Þá hækka innheimtar afborganir um 7,3 milljarða frá sama tíma árið áður. Mikill viðsnúningur í fjármunahreyfingum leiddi til þess að hreinn lánsfjárfjöfnuður varð einungis neikvæður um 4,1 milljarð króna árið 2002, samanborið við 25,7 milljarða neikvæða stöðu árið 2001.

**Tekjur.** Heildartekjur ríkissjóðs námu 223,7 milljörðum króna árið 2002 og hækkuðu um tæpa 13 milljarða frá árinu á undan, eða um 5,8%. Þar af námu skatttekjur ríkissjóðs 212 milljörðum króna og hækkuðu um 4,3% á milli ára. Til samanburðar má nefna að almennt verðlag hækkaði um 4,8% á sama tíma. Skattar á tekjur og hagnað hækkuðu um 4,4% á milli ára og námu 53,4 milljörðum. Þar af skiluðu tekjuskattar einstaklinga um 3,2 milljörðum meira en árið áður sem er 6,6% aukning. Tryggingagjöld námu 22,6 milljörðum króna sem er hækkan upp á 1,6 milljarða króna eða 7,8 % frá fyrra ári. Þessi aukna innheimta skatta af launatekjum einstaklinga, bæði tekjuskatti einstaklinga og tryggingagjalds, endurspeglar hækkan launa sem meðal annars birtist í því að launavísitala Hagstofu Íslands hækkaði um 7,1% árið 2002. Innheimtur tekjuskattur lögaðila nam 6,8 milljörðum árið 2002 sem er um 1,9 milljörðum minna en árið 2001. Skattar á vöru og þjónustu hækkuðu um 4 milljarða króna frá árinu á undan og nema 110,8 milljörðum króna sem er um 1% lækkun að raungildi milli ára. Af einstökum liðum má nefna að innheimta virðisaukaskatts jókst um 3,7 milljarða, eða um tæplega ½% að raungildi. Á móti þeirri hækkan vegur samdráttur í öðrum óbeinum sköttum, s.s. vörugjöldum af ökutækjum og bensíni.

### Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-desember (Í milljónum króna)

	<u>1998</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Innheimtar tekjur.....	167.388	194.993	207.521	220.854	233.762
- Sala eigna.....	-2.081	-6.360	-88	-1.106	-3.252
Greidd gjöld.....	159.652	177.964	195.411	221.305	246.811
<b>Handbært fé frá rekstri.....</b>	<b>5.031</b>	<b>10.667</b>	<b>12.062</b>	<b>-1.557</b>	<b>-16.300</b>
<b>Fjármunahreyfingar.....</b>	<b>10.629</b>	<b>15.764</b>	<b>3.988</b>	<b>-24.157</b>	<b>12.167</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður.....</b>	<b>15.660</b>	<b>26.431</b>	<b>16.050</b>	<b>-25.714</b>	<b>-4.133</b>
<b>Afborganir lána.....</b>	<b>-28.933</b>	<b>-35.013</b>	<b>-34.544</b>	<b>-22.407</b>	<b>-32.298</b>
Innanlands.....	-19.102	-18.214	-21.010	-7.603	-12.217
Erlendis.....	-9.831	-16.799	-13.534	-14.804	-20.080
<b>Greiðslur til LSR og LH.....</b>	<b>0</b>	<b>-6.000</b>	<b>-7.000</b>	<b>-12.500</b>	<b>-9.000</b>
<b>Lánsfjárfjöfnuður. brúttó.....</b>	<b>-13.273</b>	<b>-14.582</b>	<b>-25.494</b>	<b>-60.620</b>	<b>-45.431</b>
<b>Lántökur.....</b>	<b>18.435</b>	<b>14.321</b>	<b>25.296</b>	<b>61.444</b>	<b>42.914</b>
Innanlands.....	19.150	-1.373	3.563	12.747	12.360
Erlendis.....	-715	15.694	21.733	48.697	30.553
<b>Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....</b>	<b>5.162</b>	<b>-261</b>	<b>-198</b>	<b>825</b>	<b>-2.518</b>

**Gjöld.** Greidd gjöld námu 246,8 milljörðum króna og hækkuðu um 25,5 milljarða frá fyrra ári, eða um 11,5%. Hins vegar urðu gjöldin 4,1 milljarði lægri en fjárheimildir eða um 1,6%. Útgjöld til félagsmála (þ.m.t. heilbrigðis- fræðslumál og almannatryggingar) námu 154,2 milljörðum, en þau vega 62,5% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þar munar mestu um útgjöld til heilbrigðismála, eða 65 milljarða króna og hækkuðu þau um 8,5 milljarða frá fyrra ári. Þá námu greiðslur til almannatrygginga 47,6 milljörðum og hækkuðu um 5,4 milljarða króna. Greiðslur til samgöngu- og atvinnumála voru 23,4 milljarðar og hækkuðu um 1,2 milljarða frá fyrra ári. Vaxtagreiðslur voru 17,8 milljarðar og hækka um 1 milljarð króna milli ára.

**Lántökur.** Lántökur ríkissjóðs námu 42,9 milljörðum króna á árinu. Þar af nema erlend langtímalán 30,6 milljörðum króna. Lántökur innanlands námu 12,4 milljörðum króna. Á móti lántökum vega afborganir að fjárhæð 32,3 milljarðar króna. Þá voru 9 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

### **Tekjur ríkissjóðs janúar-deseember** (Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
<b>Skatttekjur í heild.....</b>	<b>193.031</b>	<b>203.252</b>	<b>212.049</b>	<b>14,8</b>	<b>10,9</b>	<b>5,3</b>	<b>4,3</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað.....</b>	<b>56.283</b>	<b>64.215</b>	<b>67.060</b>	<b>18,4</b>	<b>17,2</b>	<b>14,1</b>	<b>4,4</b>
Tekjuskattur einstaklinga.....	42.899	50.065	53.371	17,0	15,8	16,7	6,6
Tekjuskattur lögaðila.....	8.256	8.655	6.788	23,6	-1,4	4,8	-21,6
Skattur á fjármagnstekjur.....	5.128	5.495	6.901	22,4	95,7	7,2	25,6
<b>Tryggingagjöld.....</b>	<b>19.100</b>	<b>20.965</b>	<b>22.603</b>	<b>9,5</b>	<b>11,2</b>	<b>9,8</b>	<b>7,8</b>
<b>Eignarskattar.....</b>	<b>9.848</b>	<b>10.703</b>	<b>11.037</b>	<b>5,3</b>	<b>18,1</b>	<b>9,0</b>	<b>3,1</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu.....</b>	<b>107.811</b>	<b>106.752</b>	<b>110.811</b>	<b>14,9</b>	<b>7,2</b>	<b>-1,0</b>	<b>3,8</b>
Virðisaukaskattur.....	69.050	69.932	73.646	17,3	9,0	1,3	5,3
Aðrir óbeinir skattar.....	38.750	36.820	37.165	11,1	4,1	-5,0	0,9
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	5.025	2.994	2.864	20,2	-12,1	-40,4	-4,3
Vörugjöld af bensíni.....	7.558	7.427	7.381	6,7	5,6	-1,7	-0,6
Þungaskattur.....	4.546	4.811	4.722	15,0	15,4	5,8	-1,8
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR.....	8.927	8.792	8.827	7,6	6,9	-1,5	0,4
Annað.....	12.694	12.796	13.371	11,2	5,3	0,8	4,5
<b>Aðrir skattar.....</b>	<b>0</b>	<b>617</b>	<b>539</b>	<b>41,1</b>	<b>6,0</b>	<b>0</b>	<b>-12,6</b>
<b>Aðrar tekjur.....</b>	<b>14.490</b>	<b>17.601</b>	<b>21.714</b>	<b>39,0</b>	<b>-29,0</b>	<b>21,4</b>	<b>23,4</b>
<b>Tekjur alls.....</b>	<b>207.521</b>	<b>220.853</b>	<b>233.762</b>	<b>16,9</b>	<b>7,0</b>	<b>6,4</b>	<b>5,8</b>

### **Gjöld ríkissjóðs janúar-deseember** (Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
<b>Almenn mál.....</b>	<b>23.355</b>	<b>24.119</b>	<b>27.119</b>	<b>14,8</b>	<b>15,0</b>	<b>3,3</b>	<b>12,4</b>
Almenn opinber mál.....	12.916	13.244	14.941	16,1	16,6	2,5	12,9
Löggæsla og öryggismál.....	10.439	10.875	12.178	13,2	13,0	4,2	11,9
<b>Félagsmál.....</b>	<b>118.066</b>	<b>136.029</b>	<b>154.233</b>	<b>10,1</b>	<b>7,1</b>	<b>15,2</b>	<b>13,4</b>
Þar af: Fræðslu- og menningarmál.....	24.500	29.220	32.588	10,1	5,4	19,3	11,5
Heilbrigðismál.....	51.493	56.453	64.966	14,7	9,1	9,6	15,1
Almannatryggingamál.....	34.901	42.125	47.566	4,3	4,3	20,7	12,9
<b>Atvinnumál.....</b>	<b>29.816</b>	<b>34.342</b>	<b>36.451</b>	<b>12,0</b>	<b>4,4</b>	<b>15,2</b>	<b>6,1</b>
Þar af: Landbúnaðarmál.....	8.754	10.441	11.033	6,3	2,1	19,3	5,7
Samgöngumál.....	13.288	15.169	16.078	12,8	9,3	14,2	6,0
<b>Vaxtagreiðslur.....</b>	<b>16.125</b>	<b>16.817</b>	<b>17.789</b>	<b>-10,0</b>	<b>44,4</b>	<b>4,3</b>	<b>5,8</b>
<b>Aðrar greiðslur.....</b>	<b>8.048</b>	<b>10.006</b>	<b>11.216</b>	<b>97,0</b>	<b>4,9</b>	<b>24,3</b>	<b>12,1</b>
<b>Greiðslur alls.....</b>	<b>195.411</b>	<b>221.305</b>	<b>246.810</b>	<b>11,5</b>	<b>9,8</b>	<b>13,3</b>	<b>11,5</b>